

KÓPAVOGUR

A·Ð·A·L·S·K·I·P·U·L·A·G

1988-2008

LANDNOTKUN

- | | |
|-------------------------------|----------------------------|
| Miðbær og miðhverfi | Friðlýst svæði |
| Verslunar- og þjónustusvæði | Vernduð svæði |
| Stofnanasvæði | Blönduð landnotkun |
| Iðnaðarsvæði | Svæði til síðari aukningar |
| Hafnarsvæði | Mögulegar landfyllingar |
| Íbúðarsvæði | Stofnbrautir |
| Landbúnaðarsvæði | Tengibrautir |
| Helgunarsvæði meðfram stofnr. | Tengibrautir 2. fl. |
| Útivistarsvæði | Aðalgöngustígar |
| Opin svæði til sérstakra nota | Reiðstígar |
| Skipulagi frestað | Brýr og undirgöng |

Uppdráttur þessi var samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs.
27.02.1990

Kristján Guðmundsson
Kjartur Guðmundsson
Björgvin Guðmundsson
KÓPAVOGUR

Uppdráttur þessi var samþykkt af skipulagsstjórn ríkisins til stjórnarráðsins til staðfestingar, sbr. bókun skipulagsstjórnar.
18.04.1990

Ólafur Þorvaldsson
Ólafur Þorvaldsson
Ólafur Þorvaldsson / Stefán Þorvaldsson


Skipulagsuppdráttur þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19, 21. maí 1964 og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið,

23. apríl 1990

Þhanna Eguvörðadóttir

Ólafur Þorvaldsson



1 : 10000

400 200 0 200 400 600 800m

100 ha

25 ha

1 ha

KÓPAVOGUR

AÐALSKIPULAG

1988-2008

ÚTDRÁTTUR ÚR GREINARGERÐ

Í Aðalskipulagi Kópavogs kemur fram stefna bæjarstjórnar um landnotkun, gatnakerfi og þróun byggðar til ársins 2008. Auk þess er í Aðalskipulaginu fjallað um fjölmarga aðra þætti sem snerta velferð bæjarbúa, t.d. félagslega þjónustu og skólamál.

Í Aðalskipulaginu er sýnt hvar ráðgerð er íbúðabygð, atvinnusvæði, opinberar stofnanir, miðbæjarsvæði, útivistarsvæði o.s. frv. Þar eru einnig sýndar umferðaræðar í bæjarlandinu, bæði þær sem nú eru og þær sem fyrirhugaðar eru. Aðalskipulagið er þannig bæði grundvöllur og ramma þeirrar miklu uppbyggingar sem framundan er í Kópavogi.

Þetta nýja aðalskipulag, sem samþykkt var í bæjarstjórn Kópavogs 27. febrúar 1990, leysir af hólmi það aðalskipulag sem gildi fyrir árin 1982-2003. Þarfr okkar og óskir taka sífelldum breytingum og samfélag okkar þróast í takt við þær. Þess vegna er nauðsynlegt að endurskoða áætlanir nógu oft til þess að þær séu jafnan raunhæfar. Aðalskipulag er áætluð um uppbyggingu og þróun og nú hefur verið ákveðið að endurskoða aðalskipulag Kópavogs á fjögurra ára fresti, þannig að ávallt liggja fyrir ný áætlun í upphafi hvers kjörtímabils.

Það er von mín að þessi útdráttur úr greinargerð Aðalskipulags Kópavogs 1988-2008 ásamt landnotkunarkortinu verði bæjarbúum bæði til gagns og fróðleiks.

Kristján Guðmundsson
bæjarstjóri



Digraesbærinn um 1900.



Lögsmynd: Mats Wibe Lund, 1987.



BÆR Í HRÖÐUM VEXTI

Kópavogur á sér langa sögu þótt hans sé lítt getið í Íslendingasögum. Um langt skeið var Kópavogur einn af fjórum þingstöðum Gullbringusýslu. Á síðari öldum og allt fram til 1724 var eitt kunnasta dómþing landsins við Kópavog.

Bygð í Kópavogi fór þó ekki að þéttast fyrr en eftir 1930. Í ársbyrjun 1948 varð Kópavogur sjálfstætt hreppsfélag og kaupstaður 11. maí 1955.

Á árunum 1950-1970 óx Kópavogskaupstaður mjög hratt. Af þeim sökum reyndist m.a. erfitt að láta gatna- og holræsframkvæmdir fylgja uppbyggingunni. Viða þera eldri hverfi þess enn merki.


Kópavogur er nú fjölmennasti kaupstaður landsins og íbúar tæplega 16 þúsund. Í lok skipulagstímabilsins, árið 2008, er gert ráð fyrir að íbúar verði um 24 þúsund og í Kópavogi fullbyggðum gerir Aðalskipulagið ráð fyrir að geti búið um 32 þúsund manns.




HVERFASKIPULAG – NÁGRENNI HEIMILANNA

Bygðin á Kársnesi og Digraeshálsi er að mestu mótuð. Þó er enn eftir að byggja um 300 íbúðir í suðurhlíðum Digraesháls. Ekki er gert ráð fyrir verulegum breytingum á eldri bygðinni á skipulagstímabilinu. Þó hefur verið ákveðið að vinna sérstakt hverfaskipulag þar sem tekið verði ýtarlega á þeim þáttum sem sérstaklega þarf að geta gaml á hverju svæði. Þar má nefna endurbætur gatnakerfis, athafnasvæða, opinna svæða og íbúðabygðar – hvar er æskilegt að byggja eða breyta.


Með hverfaskipulagi er stefnt að því að auka tengsl almennings og bæjaryfirvalda. Því verða haldnir borgarafundir í hverjum bæjarhluta og fjallað um hugmyndir að hverfaskipulagi um leið og leitað verður eftir ábendingum og athugasemdum íbúanna.



Félagsleg þjónusta.



Byggingarland framtíðarinnar.



Aðalgatnakerfi.



Fyrirhugað íbúðarhverfi í Kópavogsdal.

MÍKLIR FRAMTÍÐARMÖGULEIKAR

Að meðaltali voru fullgerðar um 100 íbúðir í Kópavogi á ári 1980-1988. Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að allt að 150-200 íbúðir verði fullgerðar á hverju ári til aldamóta.

Árin 1990-1995 verða byggingarsvæðin einkum í Kópavogsdal. Hluti dalsins hefur þegar verið deiliskipulagður sem íbúðarsvæði. Þar verða raðhús og fjölþýlishús af mismunandi stærðum og gerðum. Austast í hverfinu verður verslun, leikskóli verður miðsvæðis en grunnskóli í nánnum tengslum við íþróttarsvæði Breiðabliks við Kópavogsvöll.

Í suðurhlíðum Digraess mun rísa blönduð sérþýlishúsabygð á þessum árum. Í norðanverðri Nónháð er einnig fyrirhuguð sérþýlishúsabygð og Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að hún rísi á skipulagstímabilinu.

Áætlað er að vestrhluti Fífuhvamslands byggist á skipulagstímabilinu en eystri hlutinn ekki fyrr en eftir 2008. Ekki er heldur gert ráð fyrir að byggð í Vatnsendalandi þéttist til neinna muna á þessum tíma.

ATVINNUHÚSNÆÐI TÍVÖLDAST

Sjálfsagt er að taka frá mikið landrými fyrir atvinnuhúsnæði hér á miðju þéttbýlissvæðinu. Aðalskipulagið gerir ráð fyrir öflugum atvinnulífi í Kópavogi og leggur áherslu á að tryggja því



og Reykjanesbraut og Stútulautarvegur mun liggja milli Dalvegur og Digraessvegur.


TVEIR LEIKSKÓLAR Í HVERJU SKÓLAHVERFI

Alls voru um 1.600 börn í Kópavogi á aldrinum 1-6 ára um áramótin 1989/1990. Þar voru 650 börn eða 41,5% í leikskólum.

Nýr leikskóli er í byggingu við Álfaheidi til viðbótar við þá átta leikskóla sem fyrir eru í bænum. Gert er ráð fyrir að næsti leikskóli rísi í Kópavogsdal.

HEILSUGÆSLA Í HVERFUNUM

Heilbrigðisþjónusta flyst í auknum mæli í heilugæslustöðvar. Ein er komin í miðbænum en ákveðið er að byggja hina næstu við Engihjalla og ráðgert er að hin þriðja rísi í Fífuhvamslandi.



Lögsögumörk Kópavogs.

HVAÐ GERIR NÝBYGGINGARSVÆÐIN Í KÓPAVOGI SVO EFTIRSKOÐANVERÐ?

- Þau eru á miðju höfuðborgarsvæðinu og liggja afar vel við samgöngum.
- Viðsýni er mikið: Bláfjöll, Reykjaneskagi, Áltanes og Snæfellsjökull blasa við.
- Veðursæld er mikil, einkum í Kópavogsdal og Fífuhvamslöndum.
- Áhersla er lögð á hlýlegt umhverfi og vandaðan frágang, jafnt á landi bæjarins sem fyrirtekja og einstaklinga.
- Íbúðahverfin liggja vel við íþrótt- og útivistarsvæðum.
- Húsnæði verður fjölbreytt og getur því uppfyllt óskir flestallra.
- Stutt verður í alla þjónustu, svo sem verslanir, leikskóla, grunnskóla og almenningsvagna.

Kynnum okkur Aðalskipulag Kópavogs 1988-2008 og þá stefnu sem þar er mörkuð um framtíð bæjarins okkar.

GÆLISLEG ÚTIVISTAR- OG ÍÞRÓTTASVÆÐI

Í Aðalskipulaginu er lögð áhersla á góð tengsl íbúðarveria við útivistarsvæði og gönguleiðir. Fossvogsdalur og Kópavogsdalur verða meginsvæðin fyrst í stað en síðar þætist við stórt útivistarsvæði í Fífuhvamslandi, Elliðavatn og umhverfi þess er einnig mikilvægt útivistarsvæði.

Á þessum svæðum öllum er gert ráð fyrir íþróttamannvirkjum bæði fyrir keppnis- og almenningsíþróttir. Íþróttafélagunum hefur verið úthlutað svæðum og þau hafa skuldbundið sig til að veita öllum góða þjónustu.

Fjölbreyttir kostir gefast til útivistar í lögsögu Kópavogs. Benda má á hesthúsabygð með skeiðvelli (Gusts-svæðið), best búna skíðasvæði landsins í Bláfjöllum, sportbáthöfn á Kársnesi, silungsvæði í Elliðavatni og fleira.

UMHVERFISMÁL Í FYRIRRÚMI

Mikil áhersla hefur verið lögð á það á síðustu árum að fegra og bæta allt umhverfi í bænum. Stofnun umhverfisráðs og garðyrkju-deildar voru mikilvæg spor í þá átt. Fjárframlög til umhverfismála hafa verið stóraukin og ástýnd bæjarins hefur tekið stakkaskiptum.

Eitt allra stærsta umhverfismálið er holræsaáætlun sem miðar að því að hreinsa fjórur bæjarins. Frárennsli er safnað saman í stofnæbær sem ná eiga frá ströndinni út fyrir stórstraumsfjöru. Hreinsistöðvar eru og fyrirhugaðar. Fyrsta hluta þessa stórvirkis er að mestu lokið með lögn Kópavogs-ræsis allt frá Reykjanesbraut að austan út með ströndinni og norður fyrir Kársneshöfn. Gert er ráð fyrir viðtekri samvinnu við grannsvæitarfélög í baráttunni gegn mengun.

ALMENNINGSAMGÖNGUR FYRIR ALLA

Það er markmið bæjaryfirvalda að veita sem besta þjónustu með almenningsamgöngum. Með það fyrir augum hefur Kópavogskaupstaður tekið þátt í stofnun byggðasamlags um almenningsamgöngur þar sem að því er stefnt að samræma og störefla þennan þjónustubátt á öllu höfuðborgarsvæðinu. Í Kópavogi er gert ráð fyrir að miðstöðvar almenningsvagnanna verði annars vegar í vestrhluta miðbæjarins, hins vegar í nýju miðhverfi austan Reykjanesbrautar.

HÆFILEGA STÓRIR GRUNNSKÓLAR

Á skipulagstímabilinu er gert ráð fyrir að tveir nýir grunnskólar byggist í Kópavogi. Annar þeirra verður í Kópavogsdal, hinn í vestanverðu Fífuhvamslandi. Steint er að tveim bekkjardeildum í árgangi og verða þá um 550 nemendur í hvorum skóla. Skólaárið 1989-1990 voru í Kópavogi fimmtán skólahverfi og alls um 2.600 nemendur.

Framhaldsskóla er ætlaður staður í Fífuhvamslandi til viðbótar Menntaskólanum í Kópavogi við Digraessveg.

LÖGSAGNARUMDÆMI KÓPAVOGS

Lögsagnarumdæmi Kópavogs er um 8.300 hektarar að stærð og skiptist í þrjú hluta. Vestast er heimalandið sem svo er kallað, um 1.700 hektarar að stærð og nær allt frá sjó að Heiðmerkurgröndingur og mörkum Kópavogs og Reykjavíkur í Elliðavatni. Austan Heiðmerkur eru síðan tvö aðskilin svæði. Sýðra svæðið, um 2.800 hektarar nær frá Heiðmörk að sýslumörkum Arnessýslu og hepparmörkum Ölfushrepps í Bláfjöllum sunnan þjónustumiðstöðvar og skólaþýttusvæða Bláfjallalóksvangs. Nýðra svæðið, um 3.800 hektarar, nær frá Hólmsá við Gunnarshólma yfir Lækjarbotna og Sandskeið norður á móts við Lyklafell.

Bæjarskipulag Kópavogs.

UPPLÝSINGAR UM SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁL HJÁ KÓPAVOGSKAUPSTAÐ

<p>Bæjarskipulag Kópavogs, Fannborg 2, 3. hæð, 200 Kópavogi, sími 41570.</p> <p>Skrifstofutími mánudaga til föstudaga frá kl. 09:00 til 15:00</p> <p>Safnar og vinnur úr ýmsum gögnum og upplýsingum varðandi skipulag, gerir skipulagsáætlanir, undirbýr fundi skipulagsnefndar, kynir skipulagshugmyndir, geymir skipulagsupprætti og skipulagsskilmála.</p>	<p>Byggingarfulltrúi Kópavogs, Fannborg 2, 3. hæð, 200 Kópavogi, sími 41570.</p> <p>Skrifstofutími mánudaga til föstudaga frá kl. 09:00 til 15:00</p> <p>Sér um útgáfu byggingarleyfa. Til byggingarfulltrúa skal sækja um leyfi fyrir hvers konar breytingum á notkun og útliti húsa og annarra mannvirkja, uppsetningu á auglýsingaskiltum, hann hefur eftirlit með byggingarframkvæmdum, geymir byggingarnefndarteikningar þ.e. upprætti að einstökum húsum og veitir upplýsingar úr fasteignaskrá.</p>	<p>Tækniæld Kópavogs, Fannborg 2, 3. hæð, 200 Kópavogi, sími 41570.</p> <p>Skrifstofutími mánudaga til föstudaga frá kl. 09:00 til 15:00</p> <p>Afgreiddir lóðaúthlutanir (skv. samþykkt bæjaryfirvalda), lóðarleysisamninga, mælið með sem sýna stærð lóðar, byggingarreit og ýmsar kvæðir og geymir ýmsa upprætti. Byggingardeild sér um byggingar á vegum Kópavogsbæjar og hefur umsjón með framkvæmdum. Gatnardeild sér um hönnun gatta og holræsa og hefur umsjón með framkvæmdum. Hönnun og framkvæmdir á opnum svæðum og hefur umsjón með matjurtaröðum og skólagörðum.</p>
--	--	--

Eftirprentun óheimil. Copyright ©